



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Grettisgata 89  
105 Reykjavík

Sími 525 8340  
Fax 525 8349

sfr@sfr.is  
www.sfr.is

Reykjavík 5.3.2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Menntamálastofnun, þingskjal 700 – 456. mál.**

SFR stéttarfélag í almannapjónustu hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Menntamálastofnun, þingskjal 700 – 456. mál.

Á fundi allsherjar- og menntamálaefndar Alþingis þann 3. mars s.l. lögðu nefndarmenn fram spurningar um afstöðu stéttarfélaganna til nokkurra þátta er varða framkvæmdina um sameiningu Námsgagna- og Námsmatsstofnunar og svarar SFR hér með að þeim spurningum.

Í frumvarpi til laga um Menntamálastofnun kemur fram að lögín taki gildi 1. júlí 2015 og að fyrri lög er falla undir lög um Menntamálastofnun falli úr gildi á sama tíma. Þá kemur einnig fram í ákvæði til bráðabirgða að „*frá gildistöku laganan er ráðherra heimilt að skipa forstjóra Menntamálastofnunar og verður honum þar með heimilt að undirbúa starfsemi Menntamálastofnunar*“.

Eins og góðir stjórnsýsluhættir gera ráð fyrir felur þetta í sér að undirbúningur starfsemi Menntamálastofnunar getur ekki hafist fyrr en lög um Menntamálastofnun verða samþykkt enda ekki formleg lagaheimild fyrir því fyrr. Þrátt fyrir þetta er undirbúningur hafinn og er það mat SFR að framkvæmdin samræmist ekki góðum stjórnsýsluháttum enda mikil hætta á því að undirbúningur nýrrar stofnunar raski starfsemi Námsgagna- og Námsmatsstofnunar sem starfa enn samkvæmt lögum um viðkomandi stofnanir.


Það slær félagið því illa að undirbúningur Menntamálastofnunar sé kominn eins langt og raun er. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði forstöðumann Námsmatstofnunar yfir báðar stofnanir frá og með nóvember 2014. Í fréttapistli frá stjórnendum, sem dagsettur er þann 24. nóvember 2014, kemur fram að báðar stofnanir hafa verið færðar undir sömu yfirstjórn og að undirbúningur um Menntamálastofnun sé hafinn. Enn fremur kemur fram að stefnt verði að því að ljúka gerð skupurits nýrrar stofnunar fyrir lok nóvember. Þá hafa yfirmenn verið tilnefndir í stöður samkvæmt skipuriti nýrrar stofnunar og starfsmenn fluttir úr menntamálaráðuneytinu í Víkurhvarf.

Fram hefur komið að Menntamálastofnun á að hafa aðsetur í Víkurhvarfi í Kópavogi þar sem Námsgagnastofnun er með aðsetur núna. Í fréttapistli stjórnenda til starfsmanna, sem dagsettur er þann 2. mars, kemur fram að framkvæmdir í Víkurhvarfi séu hafnar og að stefnan sé að flytja stærstan

hluta starfseminnar úr Borgartúni þangað í apríl n.k. Nú standa yfir umfangsmiklar breyningar á húsæðinu í Víkurhvarfi vegna þessa þrátt fyrir að lögin hafa ekki verið samþykkt.

Ljóst er að þessi meðferð mála er ekki í samræmi við góða stjórnsýsluhætti og mótmælir SFR því þessum vinnubrögðum harðlega.

Virðingarfyllt,  
f.h. SFR – stéttarfélag í almannajónustu



---

Árni St. Jónsson, formaður



---

Alma Lía Jóhannsdóttir, sérfræðingur